

Tveir íslenzkir ríkisborgarar:

Í haust var vestur í Bandaríkjunum nýstárleg listsýning, sem tveir íslenzkir ríkisborgarar, Steinunn og Woody Vasulka, efndu til, eru raunar upphafsmenn þeirra aðferða, sem þar er beitt. En þegar á að fara að útskýra í hverju þær eru fólgnar vandast málið, því að þar er beitt svo flókinni og samofinni tækni að ekki er á færi annarra en sérfræðinga að skýra og skilja. Það sem Steinunn sýndi er nefnt „Machine Wide“ og Woody sýnir Descriptions eða lýsingar. Eru þau hjónin sögð algerir brautryðjendur í notkun videotækni í listum. Nota við verk sín myndsegulbönd, hreyfanlega og kyrra spegla, ljósmyndavélar, kvikmyndir og sýningarvélar, elektroniska tækni og stereotækni o.fl., og vefa á þann hátt saman úr mörgum miðlum áhrif og myndir. En sýning þeirra í Albright-Knox Art Gallery í Buffalo og New York í október og nóvember sl. vakti mikla athygli.

Áður en lengra er haldið, er rétt að gera nánari grein fyrir lista-fólkinu, en safnið gaf út mjög vandaða kynningu á þeim og verkum þeirra með sýningunni, sem „Endowment for the Arts“ í Washington studdi með fjárveitingu. Ýmsar merkar stofnanir hafa haft áhuga á starfi þeirra sl. 10 ár. Til dæmis veitti Guggenheimstofnunin Steinunni heils árs starfsstyrk til að halda áfram segulbandstílaunum.

Steinunn er fiðluleikari að mennt, dóttir Bjarna Guðmundssonar, blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar og Gunnlaugar Briem framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs, sem bæði eru látin. Maður hennar er tékkneskur verkfræðingur, kvikmyndagerðarmaður o.fl. og heitir fullu nafni Bohuslav Vasulka. Eftir að hann fékk íslenskan ríkisborgararétt er hann kom hingað eftir innrásina í Tékkóslóvakíu, hlotnaðist honum að auki íslenska nafnið Timoteus Pétursson. Í fyrrnefndu kynningarriti eru þau kynnt hvort fyrir sig, og þá með innskotum úr viðtölum sem tekin voru við þau og verður gripið hér niður í þá kynningu, sem byrjar á æviferli Steinunnar.

● Reykvíkingur úr Suðurgötunni

Steinunn Bjarnadóttir er fædd í Reykjavík 1940. — Ég byrjaði sex ára í skóla, og gekk ekkert vel, segir hún. Enginn vissi hvað að mér var en seinna kom í ljós að ég hafði lesblindu. En ég átti frænku, sem fannst fjarska leiðinlegt hve ég var heimsk, því hún var kennari í þessum sama skóla. Hún tók mig því á hverjum morgni og las með mér í hálf tíma. Það gerði afi minn, Vilhjálmur Briem og hann kenndi mér stærðfræði. Ég var líka alltaf veik sem barn, svo að ég gat ekki verið mikið í skólanum. Ég lærði því að gera hlutina sjálf. Þrettán ára gömul gerði ég mér ljóst að ég var orðin langt á eftir, hinir krakkarnir voru að læra dönsku, ensku og algebru sem ég, vissi ekkert um. Ég varð reið og settist niður og lærði eins og ég ætti lífið að leysa.


Steinunn lagði stund á fiðluleik og tónmennt. Þar sem ég hafði ekki áhuga á skólanum, þá gat ég sótt æfingar Sinfóníuhljóm-sveitarinnar. Ég fór líka á allar leik- og danssýningar, alla hljómléika og allt sem gerðist í okkar litlu borg, sem var heilmikið. Þá var nokkurs konar menningarstríð í gangi í Reykjavík milli Sovétríkanna og Bandaríkjanna. Og ég fór á heilmargar listsýningar, enda var fyrrnefnd frænka mín Unnur Briem listmálari.

Vinnustofa þeirra Steinunnar og Woodys sýnir kannski betur en nokkur lýsing hvað þau eru að fást við.



Brautryðjendur í nýrri listtúlkun

Steina og Woody við útvinna sína.



Á árinu 1957 var Steinunn send til Danmerkur í heimavistar-skóla. — Það var hefð í minni fjölskyldu. Síðan átti maður að koma aftur heim og segja: „Heima er best!“ Þann hluta hefðarinnar braut ég, segir Steinunn. Og hún bætir við: Þegar ég kom heim frá Danmörku, talaði ég dönsku. Ég ákvað að næst vildi ég læra að tala þýzku, svo ég hélt til Þýskalands. Það var árið 1958.

Á árunum 1959—62 hlaut Steinunn fullan námsstyrk frá tékkneska menntamálaráðuneytinu til að stunda nám við Tónlistarskólann í Prag. Styrkurinn var svo veittur áfram í fjögur ár. — Þarna var ég komin á eigin spýtur bak við járnþjaldið, á framandi menningarsvæði — og með nýtt tungumál. Það kunní ég að meta. Þetta var alveg nýtt líf og gerólíkt. Ég var að verða fullorðin. Ég hafði mikinn áhuga á heimspeki, sálarfræði og öllu þess háttar, og vildi verða óháður menntamaður. Ég ætlaði aldrei að verða einleikari á fiðlu, heldur hugðist ég að hafa tónlistina til að fæða mig og klæða, svo að ég gæti gert allt annað. En þar skjátaðist mér, því þegar maður er orðinn tónlistarmaður, þá verður maður að vera á

sífelldum æfingum og að æfingum dagsins loknum, er maður orðinn svo þreyttur að maður getur ekkert tekið sér fyrir hendur í marga klukkutíma.

Í Prag hitti Steinunn Woody á árinu 1962. Hún bað hann um að hjálpa sér að gera við mótörhjólið sitt — og þannig hófst vinátta þeirra, að hún segir. 1964 gengu þau í hjónaband og skömmu síðar réðst Steinunn til Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands sem fiðluleikari. Um sumarið ferðuðust þau Woody í þrjá mánuði um Ísland og gerðu tvær kvikmyndir.


● Skáld og verkfræðingur

Bohuslav Vasulka er fæddur í Brno í Tékkóslóvakíu á árinu 1937. Í lok heimsstyrjaldarinnar 1945 bjó hann í úthverfi Brno í Moravíu, skammt frá herflugvelli. Þar byrjaði drengurinn að safna véla- og rafmagnshlutum úr herflugvélu og framkvæmdi á þeim meiri háttar uppskröð. Þannig voru hans fyrstu kynni af tækni. Í eitt ár lét hann neyða sig til að leika á fiðlu, en hætti því svo. Hann segir að stríðið hafi verið alveg yfirþyrmandi reynsla. Evrópa var einn brotajárnshaugur, þar sem hægt var að finna hrúgur af tækjum. — Við gátum gramsað í þeim og lesið úr því alla stríðssöguna, segir hann. Og á árinu 1952 fór hann í tækni- og vélfræðinám í Iðnverkfræðiskólunum í Brno og lauk því 1956. Um það leyti vann hann fyrstu verðlaun fyrir rannsóknarverkefni í Iðnverkfræðiskólanum.

En hann gerði fleira, var m.a. jass-gagnrýnandi við dagblaðið Rovnost enda trompetleikari í hljómsveit. En árið áður var hann farinn að semja ljóð undir áhrifum frá frönsku 19. aldar skáldunum og framúrsteftu-ljóðskáldunum Mayakovsky og Mainetti. — Mér fannst ljóðlistin áhugaverðasta formið á listsköpun og svo er enn, jafnvel þótt ég fái ekki við hana. Túlkunarmátinn — umsköpunin

— er svo sterk. Í ljóði er hægt að umskapa yfir í eitthvað á andartaksstund. Slíkur kraftur heillar mig.

Nú þurfti Woody að lesa af hendi herþjónustu og gerði það á árunum 1956 og 1957. En eftir það fór hann að skrifa smásögur og greinar, nam ítölsku og vann að ljósmyndagerð, jafnframt því sem hann stundaði verkfræðistörf við vatnsvirkjanir. 1960 fluttist hann til Prag og hlaut ríkisstyrk til að nema við listaakademíuna í kvikmynda- og sjónvarpsdeild. Og þar tók hann að stjórna og framleiða kvikmyndir. — Ég sá kvikmyndunina þá, og geri það enn, sem framhald á bókmenntunum, nokkurs konar bókmenntir sem stundaðar eru í tíma og rúmi, í loftinu segir hann. Þá fór ég líka að reyna að skrifa og ná tókum á stórum formbyggingum. . . . Í mínum augum var kvikmyndin það tæki, efni og frásagnarmöguleiki, sem nýjastur er og enn ekki búið að ná tókum á. Í bókmenntum varð ég alltaf að bera mig saman við Kafka og aðra og sama í ljóðlistinni. En kvikmyndin er óskráð blað. Það er ónumið land. Woody hélt áfram að gera stuttar kvikmyndir á árunum 1960—64. Hlaut

Sýningardeild Woodys nefndist *Descriptions* eða lýsingar.

á árinu 1962 sérstök verðlaun, sem veitt eru ungum stjórnendum á fræðslumyndahátíðinni í Carlsbat. Sumarið eftir var hann aðstoðar-leikstjóri hjá tékkneska sjónvarpinu í Brno og 1964 hafði hann lokið prófi sem framleiðandi og stjórnandi fræðslukvikmynda. Hann fór til Alsír, gerði stutta fræðslumynd og eftir að þau Steinunn giftu sig, kom hann með henni til Íslands og gerði hér kvikmynd um sumarið.

● Yfir í nýja tækni

Woody Vasulka var í Tékkóslóvakíu, þegar rússneski herinn kom og velti Dubcheck, en slapp út fyrir heppni á sínu tékkneska vegabréfi, þar sem rússnesku hermennirnir á landamærunum gátu ekki lesið latneska stafrófið í vegabréfinu hans og hann þóttist vera Ameríkani. En tékknesku starfsmennirnir sögðu ekki til hans. Hann fór um Ísland til Bandaríkjanna, þar sem þau Steinunn settust að í New York. Næstu þrjú ár starfaði hann þar sem kvikmyndagerðarmaður með Francis Thompson og seinna fyrir arkitektana Woos Ramirez Works að iðnaðarsýningum á mörgum kvikmyndatjóldum í senn o.fl.

Steinunn var fíðluleikari. — Ég gerðist tónlistarmaður á frjálsum markaði í New York, segir Steinunn. En þá þegar vissi ég að þetta var ekki það sem mig langaði að gera... það rann upp fyrir mér að ég var að spila til þess eins að afla fjár, sem ég tel ekki rétt, því að tónlist ætti að iðka af ástríðu og sér til ánægju. Á meðan var Woody að fást við tilraunir með elektrónísk hljóð og „stroboscopísk“ ljós. Það kom í eðlilegu framhaldi af starfi hans við fjölskerma-kvikmyndirnar. 1969 tók hann að gera tilraunir með elektrónískar myndir og hljóð með tækjum frá Harvey Lloyds Studio. Það telur hann að hafi verið fyrsta reynsla hans af video, eða myndsegultækni. Nú var hann að nálgast tæknihljóðina á málinu. Hann fann að þarna var miðillinn, sem hann vildi nota.

Steinunn kveðst þá hafa kynnst þessari myndsegulbandatækni, þar sem Woody vann. — Við vorum von að koma þarna inn og sitja þar bara klukkustundum saman við að horfa á endursýningar — þetta er sjálfvirk. Það bara heldur áfram. Maður beinir vélinni að sjónvarpsskerminum, setur hana af stað og situr og horfir og talar. Eftir nokkra stund lítur maður upp og myndin hefur breyst. Þá byrjuðum við að velta fyrir okkur hvernig við gætum haft áhrif á þetta, hvernig við gætum stjórnað því, hvað við ættum að gera til að breyta því — finna lögmálin sem gíltu, ef einhver væru — hvers vegna þetta yfirleitt gerðist svona, hver væri

ástæðan og því í ósköpunum ég væri að stara á þetta. Það fyrsta sem við gerðum, var að láta myndirnar hafa áhrif á hljóðin og öfugt. Þá uppgötvuðum við að myndavélin var ekki nauðsynleg — volt, raftíðni gat gert myndir, segir Steinunn. Þá fórum við að gamni okkar að leika með nokkurs konar sýningar og kölluðum segulböndin skissur. Þau eru 3–5 mínútur að lengd og við notum þau enn.

— Woody fór líka um þessar mundir í Fillmore East og tók upp Jetro Tull, Jimi Hendrix og fleiri. Og hjá okkur var stöðugur straumur af fólki, sem kom til að horfa á segulböndin, segir Steinunn enn fremur. Ég var heima og gerði tilraunir, þegar ég var ekki að spila. Þegar Woody kom heim úr vinnunni kl. 5, sagði ég kannski. „Komdu og sjáðu, ég er með nýtt band til að sýna þér!“ Hann fór að öfunda mig. Og dag einn sagði hann við heimkomuna. „Ég ætla ekki að fara út að vinna lengur.“

Fjölskylda Steinunnar ákvað að hjálpa þeim, þ.e. foreldrar hennar



Steinunn við innivinnu.

og móðurbróðir Eggert Briem. — Það var albasta hjálpin sem við höfum nokkru sinni fengið. Á þessum tíma vorum við svo þurfandi. Okkur var ljóst, að við yrðum að hafa okkar eigin tæki. Þar á meðal þrjár samskonar sýningarvélur, hljóðvélur o.fl.

● Könnuðir og uppfinningamenn

Eric Siegel hvatti þau mjög. Þau mynduðu á árinu 1971 vinnuhóp, sem nefndist „Perception“, og hlutu styrk frá Menningasjóði New York ríkis. Wise hafði sett upp fyrstu video-sýninguna á árinu 1969 í vinnustofu sinni á 57undu götu í New York og nefndi hana „Television as a Creative Medium.“ — Hann gerði það sem


um við látið. Það var orðið of þröngt um okkur á loftinu okkar. Við ætluðum að flytja út á Long Island, en enduðum í staðinn vestur í Buffalo.

Síðan hafa þau Steinunn og Woody verið í Buffalo og unnið að verkefnum sínum. Linda I. Carhcart, forstjóri Albright-Knoxlistasafnsins segir í kynningarbók um þau, að þar hafi þau byrjað að setja saman segulböndin, sem komin voru á markaðinn. Hún segir m.a.: „Hvor listamaðurinn um sig er sjálfstæður, og hefur ákveðnar skoðanir og viljastyrk. Samt vinna þau saman — þróa vinnugrundvöllinn hvort með öðru jafnt sem með nemendum sínum og fjölmörgum vinum úr öðrum listgreinum, svo sem kvikmyndum, vísindum og málinu. Og síðar segir hún: „Þau eru könnuðir og uppfinningamenn á sínu sviði.“ Þau voru líklega fyrstu umsækjendur um John Simon Guggenheim-styrkinn, fyrir video

bundið og sjálfstætt — þótt þau vinni enn mikið saman. Á fyrrnefndri sýningu ber Steinunn ábyrgð á því, sem nefnist Machine Vision, en Woody því sem á ensku nefnist *Descriptions*.

Þegar Steinunn byrjaði að vinna sjálfstætt, lýsti hún því á þessa leið: Ég sneri mér aftur að svart-hvítum myndsegulböndum. Það sem ég hafði áhuga á var tími og rúm. Til að framkalla hreyfingu á myndflöt eru tvær aðferðir, að hreyfa kvikmyndavélina eða láta eitthvað hreyfast fyrir framan hana. Með því að koma vélinni fyrir á hreyfanlegum mótör, gat ég fengið endalausar hringsýningar með aðdrætti og vindingi. Þá var ég von að beina annarri kvikmyndavél að þessari o.s.frv. Stundum varð útkoman af þessari vinnu á segulböndum og stundum fastamyndir. Þetta hreif mig næstu árin. Vélín sem ég notaði fyrst í Machine Vision kom úr þússi Woodys, því hann er tækjasmíðurinn. Tækin bjó hann að mestu til sjálfur fyrir kvikmyndirnar sínar. Ég leik mér með þær á minn hátt, alveg eins og ég var von að gera í músikinni. Ég nota raunar líka fíðluna mína til þrófana. Á árinu 1976 fékk ég Guggenheimstyrkinn og var boðið að taka þátt í kvikmyndahátíðinni í Berlín. Nú var ég farin að sýna heimikið mín eigin verk. Þessi segulbönd voru ekki lengur afrakstur Vasulkahjónanna, svo þau voru merkt Steinu. Auk svart-hvítu Machine Vision bandanna var ég farin að gera litabönd, venjulega við kvikmyndavél, framleiddi litafleki og depla á heilum flötum og videosnjó. 1977 náði ég svo í litamyndavél. Það var eins og að uppgötva Video aftur. Ég dróst líka sífellt meira að tölvuframkallandi og tölfustýðu myndsegulbandi — erfitt verkefni, sem ég ræð ekki ennþá almennilega við. Og nú í ár, 1978, kenni ég meira en ég hefi nokkru sinni gert. Mér þykir ákaflega gaman að því, þó að ég efist um gagnsemina. Við Woody erum aftur komin í samvinnu um tvö verkefni, sex sýningar fyrir WNED sjónvarpið á 17. rás í Buffalo og sýninguna í Albright Knox-listasafninu. Mig langar til að vekja áhuga fólks á þessum töfraheimi. Woody hefur á meðan unnið að ýmsum verkefnum á sviði kvikmynda og kyrra mynda. 1976 hlaut hann NEA styrk til að framleiða kvikmyndaþætti, sem m.a. voru gerðir fyrir video sýningu á safninu Museum of Modern Arts og árið eftir sjónvarps- og útvarpsverkefni.

Erfitt er að átta sig á þessari listgrein og tilraunastarfsemi þeirra Steinunnar og Woodys á sviði listrænnar túlkunar, enda notuð tæki, sem fáir kunna skil á. — Þau hafa áhuga á töfrum og kenningum myndsköpunar með myndsegulbandatækni, eins og Cathcart skrifar í bókum um þau. (Samantekið af E. Pá.)



Steinunn að útbúa sýningu sína á Machine Vision í Albright-Knox safninu í Buffalo.

engum hafði fyrr dottið í hug, segir Steinunn. Hann setti upp video-sýningu, sem nú er fræg í sögunni. Við sáum hana þá og vorum mjög hrifin. Það var okkur mikil hjálpa við að átta okkur á því, að það var ekkert „ólöglegt“ við það sem við vorum að gera. Fjöldi fólks varð fyrir áhrifum af þessari sýningu. Styrkinn notuðum við að hluta til að stofna elektróniska listamiðstöð, sem við nefndum The Kitchen eða Eldhúsið. Woody tók þátt í mörgum video-hátíðum, sýningum og gerði margvíslegar tilraunir m.a. í Witney-safninu. Það vakti áhuga og hann hlaut styrki. Blandað var saman alls konar tækni og listum. Hann starfaði líka að nokkru við sjónvarp.

Sumarið 1972 héldu þau Steinunn og Woody vestur til San Francisco og tóku mikið upp af efni viðs vegar á heimleiðinni hlóðu geimana á nóttunni í módelunum, þar sem þau gistu. Þau höfðu fengið ferðastyrki frá lista- og sjónvarpssjóðum. Og vorið 1973 var þeim boðið að vinna í rannsóknastofu sjónvarpsstöðvarinnar fyrir rás 13 í New York. — Við höldum að þarna hefðum við nokkurs konar tilraunastofu, sem við gætum notað, en útvarp gefur í rauninni ekki slíkt svigrúm, segir Steinunn. Um haustið vildum við taka okkur upp. „Eldhúsið“ höfð-

á árinu 1967, og þurftu þá að gera grein fyrir umsókn sinni fyrir framan gagnrýna nefnd, sem ekki vissi einu sinni hvað orðið þýddi. En 10 árum síðar hlaut Steinunn starfslaun þaðan, til að halda áfram vinnu sinni með myndsegulbönd.

Á árinu 1975 tóku leiðir að skilja hvað áhuga og túlkun snerti. Og þau tóku til starfa einstaklings-

Steinunn með foreldrum sínum, Bjarna Guðmundssyni og Gunnlaugu Briem sem eru látin, á gamla heimilinu í Suðurgötu.

